

# Hinn vissi árlegi passi

Septem-hópurinn í Kjarvalssal

Septem-hópurinn sýnir enn einu sinni, þótt höggvið sé stórt skarð í raðir hans með fráfalli þeirra Sigurjóns Ólafssonar og Þorvalds Skúla-sonar. Það hefur óneitanlega lækkað risið á hópnunum, en um leið er eins og baráttuviljinn hafi blossað upp á ný, því margt ágætt er hægt að segja um þessa sýningu.



HALLDÓR B. RUNÓLFSSON

Um Guðmundu Andrésdóttur hef ég svo oft fjallað að á það er ekki bætandi. Hún virðist ekkert hafa skánað og er það miður þar sem hún er vinnusöm og dregur ekki af sér við maleríð.

Guðmundur Benediktsson sýnir ágæta skúlptúra úr gipsi og einn úr tré. Guðmundur er vand- aður listamaður og lætur ekki frá sér fara slappan hlut. Bitnar það ögn á frelsi hans til að spretta úr spori og staðfesta sig sem þrótt- mikill myndhöggvari en engu að síður má virða afstöðu hans sem tryggir jafnan og góðan árangur.

Tveir gestir eru á þessari sýningu Septem-hópsins. eru það Hafsteinn Austmann og Jens Urup glerskurðarmaður. Urup sýnir tíu verk, þar af 8 steinda glugga fyrir Sauðárkróskirkju og eru þetta vandlega og finlega unnin verk. Hafsteinn Austmann sýnir olíu- og vatnslitamyndir, fleiri verk samanlagt en nokkurt hinna. Samt hefur hann ekki árangur sem erfiði því olíumyndirnar eru orðnar innantómar og vatnslitamyndirnar segja lítið með ofhlæði sínu. Hafsteinn virðist ekki bera gæfu til að brydda upp á nýjungum í verkum sínum, jafnvel þótt sá still sem hann iðkar nú dugi honum illa til átaka.


Ef lítið er yfir hópin í heild verður þó að segja að fleira gott er að þessu sinni sýnt en oftast áður og fleiri virðast heimta góða uppskeru. Þrátt fyrir það er vafasamt að halda áfram svo tíðum sýningum. Karl Kvaran hefur gert rétt í því að fresta ögn þátt- töku, enda sýndi hann í fyrra verk sín við góðan orðstír í Listmuna- húsínu og sama er upp á teningnum hjá honum nú. Færi ekki illa á því ef fleiri úr hópnunum gerðu hlé á þessum samsýningum til þess að sýna einir og sérr í betra tómi. Menn verða að hafa góðar og gildar ástæður til að sýna, aðrar en þær að það sé gert af gömlum vana.

HBR

Auk þeirra tveggja sem fallnir eru frá, vantar Karl Kvaran, en hann hefur verið einn sá sterkasti í hópnunum; listamaður sem vex með hverri sýningu. En í staðinn er Guðmundur Benediktsson myndhöggvari kominn í hópin, hvort sem það er til frambúðar eða til skammrar dvalar. Víst er að hópurinn væri snöggjum fátækari án myndhöggvara.

Svo sem oftast nær stendur Kristján Davíðsson eins og klettur upp úr hópnunum, en Jóhannes Jóhannesson fylgir fast eftir með betri myndum en ég hef séð hann sýna á fyrri sýningum Septem. Þessir tveir listamenn sanna hvor með sínum hætti að til einhvers er að halda þessu sýningarformi áfram.


Valtýr kemur einnig á óvart með betra pródukt en hann hefur nokkru sinni sýnt síðan hópurinn var endurskapaður. Valtýr hefur verið að batna í lit og hefur eitthvað gerst sem veldur stökkbreytingum til hins betra. Allt litaspil hans er orðið dempaðra og blæbrigðaríkara og eituráhrifunum og innþornuninni hefur hann varpað fyrir róða.



Ísafjörður

## Landslag í Slunkaríki

Á Ísafirði er sýningarsalurinn Slunkaríki og þar stendur yfir sýning á verkum Sólveigar Aðalsteinsdóttur. Myndirnar eru allar af íslensku landslagi, unnar í koparstungu, vatnslit, teikningu og þurrkrít. Sýningunni lýkur 19. september.



### Tónlist

## Samkeppni um hönnun tónlistarhúss hafin

Norraenum arkitektum boðin þátttaka. Húsinu valinn staður í Laugardal

Samtökin um byggingu tónlistarhúss á Íslandi hafa efnt til samkeppni um hönnun hússins og boðið arkitektum á öllum Norðurlöndunum þátttöku. Tilgangur keppinnar er að fá fram sem besta lausn á tónlistarhúsi á Íslandi og ráða arkitekt.

Prennum verðlaunum verður úthlutað, samtals að upphæð 2.6 miljónir ísl. króna. „Samkeppni er dýrt fyrirbæri, „sagði formaður samkanna Ármann Örn Arnasson,“ en flytur okkur vonandi viðunandi lausn. Leitad er til alla Íslendinga um fjárstuðning en tónlistarhúsið verður byggt ef íslenska þjóðin vill. Samtökin töldu sig ekki í stakk búin til að fara út í fjársöfnun fyrr en skriður væri kominn á málið, en nú hafa samtökin fengið lóð og hafið samkeppni um hönnun hússins. Fyrsta þrepið í fjáröfluninni er landshappdrættið. Samtökin hafa fengið óvæntan stuðning erlendis frá en við miðum við að byggja okkar hús fyrir okkar fé“.

Samtökin hafa gefið út forspögn fyrir teikningu hússins sem byggir á tveggja ára undirbúningsstarfi forsagnarhóps sem skoðaði og kynnti sér hin margvíslegustu tónlistarhús og starfi dómnefndar. Dómnefndina skipa fjórir arkitektar, hljómburðarfræðingur, tónlistarmaður og byggingarmaður. Dómnefndin ræddi við einstaklinga og hópa úr tónlistar-

lífinu og kynnti sér aðstæður og gerði síðan forspögnina að tillögu sinni.

Tónlistarhúsinu var valinn staður í Laugardal, og er keppendum ætlað að staðsetja húsið, en lóðin gefur mikla og frjálsa möguleika. Húsið verður 30 til 35 þúsund rúmmetrar eða tæpir 5 þúsund fermetrar sem er svipuð stærð og Þjóðleikhúsið.

Tónlistarhúsið er ætlað fyrir tónlist af allri gerð og lögd er áhersla á að það verði tónlistarhús með sveigjanlegum notkunarmöguleikum. Gert er ráð fyrir góðri aðstöðu fyrir upptöku hljóðs og myndar og er því ætlað að vera aðsetur Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands. Þá er húsinu ætlað að hýsa fundi og ráðstefnur. Í því skyni verða innbygðir þýðendaklefar og verður þetta fyrsta húsið á Íslandi sem getur tekið við stórum ráðstefnum.

Aðalsalur hússins á að rúma 1400 manns með hugsanlegum stækkunarmöguleikum út í anddyri. Svið hans er ráðgert á pallalyftum svo að hljómsveitargryfja verði til staðar þegar á þarf að halda fyrir óperur, söngleiki og þvílíkt. Það að auki verður minni salur fyrir 300 manns.

„Þetta hús getur orðið mikil lyftistöng fyrir íslenskt tónlistarlíf ef vel tekst til og þörfin á slíku húsi er mikil því hvergi nokkurs staðar í heiminum er eins almenn þátttaka í tónlistarlífi og hér á landi“.

—aró

### Sögusteinn

## Ættartölur Snóksdalíns

Bókaforlagið Sögusteinn, sem sérhæfir sig í útgáfu ættfræðiriti, hefur gefið út í ljósríti ættartölusafn Ólafs Snóksdalíns í þremur bindum, alls um 2.100 síður.

Talið er að Ólafur Guðmundsson Snóksdalín, verslunarstjóri og bóndi, f. 1761, d. 1843, hafi gert a.m.k. 8 handskrifuð afrit af þessu ættartölusafni og er þessi útgáfa sennilega sjöunda afritið. Það er varðveitt í Handritadeild Landsbókasafns Íslands, Lbs. 451-453 fol. Þetta eintak eignaðist Jón Pétursson, háyfirdómari, og lét binda það inn með audum innstungublöðum. Hann byrjaði að færa inn á þau viðbætur og leiðréttingar, en síðan eignaðist Hannes Þorsteinsson, þjóðskjalavörður, handritið og er stærsti hluti viðbóta og leiðréttinga eftir hann.

Hannes hefur sagt um þetta handrit að það sé „eithvert hið allra áreiðanlegasta og fullkomnasta ættarsafn íslenskt“ og víst er að með viðbótum Hannesar á þessi umsögn fyllilega rétt á sér.

Undirbúningur útgáfunnar, sem gerð var með sérstöku leyfi Handritadeildar Landsbókasafns Íslands, reyndist afar tímafrekur og mikið nákvæmisverk. Handritið var illa farið, óhreint og slitnið, og reyndar fyrir alllöngu óhæft til útlána í lestrarsal.

Kunnáttumenn hafa lokið lofsyrði á verkið í sinni endanlegu mynd – það er fagurlega innbundið og því fylgir endurgerð nafnaskrá og grein um Ólaf Snóksdalín og verk hans eftir Sigurgeir Þorgrímsson.

Þar sem mikil vinna liggur að baki hvers eintaks ættarsafnsins þótti ekki gerlegt að gefa það út nema í 75 eintökum. Verð bókanna þriggja er samt ekki nema 18 þús. krónur (19.600 með afborgunarkjörum).

Áhugafólk getur skoðað bækurnar hjá Sögusteini að Týsgötu 8, á mánudögum og miðvikudögum milli kl. 4 og 6.

### Hallgrímskirkja

## Kantötur Bachs

Mótettukór Hallgrímskirkju er um þessar mundir að hefja fjórða starfsár sitt. Síðustu vikur hefur Mótettukórinn sungið jólalög inn á plötu ásamt Kristni Sigmundssyni, en það er bókaforlagið Örn og Órlygur sem gefur út. Upp- tökum er nú lokið og framundan er hefðbundið vetrarstarf kórsins.

Hátíðatónleikar verða haldnir sunnudaginn 27. október og verða þá fluttar þrjár kantötur. eru þessir tónleikar eins konar lokaframlag Mótettukórsins á Bach-árinu. Fleiri tónleikar eru ráðgerðir eftir áramótin og verður síðar í haust tekið til við að æfa nýja og fjölbreytta efnisskrá með mótettum frá ýmsum tímum.

Söngfólk vantar nú í allar raddir Mótettukórsins þar sem ákveðið hefur verið að stækka kórinn. Skilyrði fyrir inntöku er að menn hafi einhverja reynslu af kórstarfi, séu á aldrinum 16 til 40 ára og æskileg er kunnátta í nótnalestri. Æfingar eru á miðvikudagskvöldum og laugardagsmorgnum. Hörður Áskelsson söngstjóri Mótettukórs Hallgrímskirkju veitir nánari upplýsingar í síma 32219.